

**Nd.**

**424. Frumvarp til laga**

[172. mál]

um laun listamanna, skálda og rithöfunda.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum til þess að launa listamenn, aðra en skáld og rithöfunda. Skal sú upphæð aldrei vera lægri en veitt er til listamanna á fjárlögum 1968, en hækka hlutfallslega í samræmi við þá hækkun, sem kann að verða á heildarútgjöldum fjárlaga, miðað við fjárlögin 1968. Til launa skálda og rithöfunda skal renna söluskattur sá, sem greiddur er af sölu bóka og tímarita, innlendra og erlendra, til ríkissjóðs, svo og til starfsstyrkja samkvæmt 4. gr. laga þessara. Skal svo verða í fyrsta sinn árið eftir gildistöku laga þessara, en síðan árlega.

Söluskattur þess skal eigi vera lægri en hann var 1. jan. 1968 og hækka, ef hækku-  
un verður á almennum söluskatti.

Launin til listamanna, skálda og rithöfunda skulu ákveðin af nefnd sjö  
manna, sem kosin er af sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir alþingiskosningar.  
Nefnd þessi annast einnig úthlutun starfsstyrkja samkvæmt lögum þessum og reglu-  
gerð þar um. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi getur auk þessa veitt listamönnum, skáldum og rithöfundum sérstök  
heiðurslaun á fjárlögum, þó aldrei fleiri en tólf samtímis. Laun þessi skulu greidd  
úr ríkissjóði og eigi dregin frá úthlutunarfé því, sem áður nefnd úthlutunarnefnd  
listamannalauna fær til ráðstöfunar.

## 2. gr.

Úthlutunarnefndin skal haga störfum sínum í megindráttum sem hér segir:

1. Áður en til úthlutunar listlauna kemur, skal nefndin taka hluta af hvorri  
þeirri fjárhæð óskiptri, sem um getur í 1. gr., og ætla til starfsstyrkja skálda og  
rithöfunda annars vegar og annarra listamanna hins vegar, svo sem segir í 4. gr.  
laga þessara.

2. Úthlutun listlauna af því fé, sem þá er eftir, skal fara fram í tvennu  
lagi, annars vegar til listamanna, sbr. 1. gr., en hins vegar til skálda og rithöfunda.  
Í hvorum þessum úthlutunarflokkum skulu vera tveir launaflokkar og fjárhæð í öðrum  
launaflokki helmingi hærri en í hinum. Nefndin ákveður hæð launanna, áður en  
tillögur eru gerðar um, hverjir skuli hljóta þau. Um þetta skulu nefndarmenn  
gera heildartillögur og nefndin taka ákvörðun um þær.

3. Þegar framangreindar ákvarðanir hafa verið teknar í nefndinni, skal nefnd-  
in ákveða, hversu margir skuli skipa hvorn launaflokkinn um sig, og ræður um  
þetta sem aðrar ákvarðanir í nefndinni afl atkvæða.

4. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um fjölda manna í hvorum launaflokki,  
skulu nefndarmenn gera tillögur um skipan manna í efri launaflokk. Þegar þær  
tillögur eru komnar fram, skal gerður kjörseðill með nöfnum allra þeirra lista-  
manna, eða skálda og rithöfunda, sem tillaga hefur komið fram um að hljóta  
skuli laun í efri launaflokki. Skulu atkvæði síðan greidd leynilega í nefndinni á  
þann veg, að hver nefndarmanna merki við nöfn jafnmargra manna á kjörseðlinum  
og ákveðið var að fengju laun í þeim launaflokki. Er kjörseðill ógildur, ef merkt  
er við fleiri eða færri nöfn. Skulu þeir hljóta launin, er flest atkvæði fá. Fáist ekki  
úrslit um rétta tölu í flokkinn í fyrstu atkvæðagreiðslu, skal atkvæðagreiðsla endur-  
tekin um þá eina, sem jöfn atkvæði fengu næst neðan við hrein úrslit.

5. Úthlutun í neðri launaflokk skal gerð með sama hætti, og gerður kjörseð-  
ill með nöfnum þeirra listamanna, eða skálda og rithöfunda, eftir því sem við  
á, sem voru á kjörseðli til efri launaflokks, en komust ekki í hann, en einnig  
nöfnum þeirra, sem nefndarmenn gera tillögur um til viðbótar. Síðan fer fram  
atkvæðagreiðsla með sama hætti og í efri launaflokk.

## 3. gr.

Aðildarfélag Bandalags íslenskra listamanna skulu eiga rétt á að tilnefna hvert  
um sig tvo fulltrúa til samstarfs við nefnd þá, sem Alþingi kys til þess að ákveða  
listamannalaun. Áður en atkvæði eru greidd í nefndinni, skulu fulltrúar bandalags-  
félaganna eiga rétt á að láta í ljós skoðun sína á tillögugerð um listamenn á því  
sviði, er hlutaðeigandi bandalagsfélag starfar á. Meðan nefndin starfar, skulu allar  
tillögur nefndarmanna og allar umsagnir fulltrúa bandalagsfélaganna skoðaðar  
trúnaðarmál. En þegar störfum nefndarinnar er lokið, er bæði nefndarmönnum og  
fulltrúum bandalagsfélaganna heimilt að skýra opinberlega frá sínum eigin tillög-  
um og umsögnum, en ekki tillögum og umsögnum annarra. Framangreindur réttur  
aðildarfélaga Bandalags ísl. listamanna gildir einnig um úthlutun starfsstyrkja  
til listamanna, skálda og rithöfunda.

#### 4. gr.

Fé því, sem úthlutunarnefndin ætlar af óskiptum fjárhæðum til starfsstyrkja listamanna, skálda og rithöfunda, samkvæmt 1. lið 2. gr. laga þessara, skal nefndin síðan skipta samkvæmt sérstökum reglum, er hún semur um starfsstyrki. Bandalagi ísl. listamanna skal gefinn kostur á álitserð um tillögur að þessum reglum. Reglurnar skulu staðfestar af menntamálaráðherra.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 29/1967, um listamannalaun.

#### Greinargerð.

Eins og fram kemur í þessu frumvarpi að lögum um laun handa listamönnum, skáldum og rithöfundum, er gert ráð fyrir því að skipta úthlutuninni í tvennt, þannig að myndlistarmenn, hljómlistarmenn og leiklistarmenn fái úthlutað fé af þeirri upphæð, sem til þessa hefur verið varið til listamannalauna á fjárlögum, en skáld og rithöfundar fái úthlutað fé af upphæð, sem ákvarðast af söluskatti af bóksölu hverju sinni. Þá er einnig í þessu frv. ákvæði um úthlutun starfsstyrkja.

Vegna óviðunandi ástands í málefnum listamanna, skálda og rithöfunda á undanfórnum árum, að því er varðar listamannalaun, verður ekki undan því skotizt lengur að gefa þessum málum nánari gaum og leita að einfaldari og varanlegri lausn. Það er staðreynd, sem margsinnis hefur verið bent á af samtökum listamanna, að listamannalaunin hafa alltaf verið að minnka, og hefur upphæðin hvergi nærri haldizt í hendur við verðþenslu undanfarinna áratuga. Upphæðin, sem nú er veitt, kemur alls ekki að því gagni, sem henni er ætlað, og vekur sársauka og leiðindi ár hvert í röðum þeirra manna, sem þjóðin kallar á öðrum fremur til að gera veg hennar stóran.

Hin fyrri einangrun Íslands er rofin. Því fylgir ákveðin hætta, og er það viðurkennt af öllum. Þeir, sem í raun og veru hafa mest áhrif á aldarandann og viðhorfin til þjóðernis og tungu, eru þeir, sem skapa list, bæði í litum, leik, ljóðum, sögum og söng. Af þeim sökum er full ástæða til að bæta úr þeirri langvarandi fjárhagskreppu, sem listamannalaunin hafa verið í.

Það er augljóst, að tungan á í vök að verjast í vaxandi mæli. Brjóstvörn hennar hlýtur alltaf að vera lifandi skáldskapur í bundnu og óbundnu máli. Þegar mest syrti á álinn, voru það skáldin, sem kváðu þor og þrótt, ekki einungis í þjóðina, heldur líka í tunguna, svo að hún endurnýjaðist. Það er vegna þeirrar endurnýjunar, sem hún hefur staðið af sér fyrstu ölduföll einangrunarleysis vorra tíma. Hins vegar skyldi því varlega treyst, að sú endurnýjun dugi okkur eilíflega. Það er meðal annars vegna þess, að við lifum á hættutímum fyrir þjóðerni og tungu, að nauðsyn er á breyttu viðhorfi í garð listamanna. Það er nauðsynlegt, að enn einu sinni sé leitað til skálda og rithöfunda þessa lands og þeir beðnir að halda vöku sinni í máttugum skáldskap og trúrri varðstöðu um tunguna. Í því efni dugir hvatningin ekki ein. Það verður að skapa aðstöðu fyrir listir í landinu, til þess að þær megi eflast að þrótti og vegsemd og verða hlífiskjöldur smárri þjóð í stórum heimi. Breytist ekki viðhorf fjárveitingavaldsins í þessum efnun, mun sannast, að það getur verið dýrt að eiga vanbúna listamenn.

Nýmæli í þessu frumvarpi eru einkum tvö. Annað er það, að skil eru gerð milli úthlutunar til skálda og rithöfunda annars vegar og annarra listamanna hins vegar. Réttmætt má telja, að skáld og rithöfundar njóti þess fjár, sem þjóðin greiðir í söluskatt af bókakaupum sínum, og hann renni þannig til eflingar bókmennta og fræða í landinu. Geta þá aðrir listamenn notið þeirrar fjárveitingar, sem Alþingi ætlar sérstaklega til listlauna á fjárlögum, en með því mundu listlaun til þeirra hækka um helming a. m. k. Hitt nýmælið er það að tengja starfsstyrkjakerfi listamanna við úthlutun listlauna með því, að sami úthlutunarað-

ili fjalli þar um, en slíkt hlýtur að vera eðlilegt og heppilegt, til þess að samræmi fái st.

Úthlutunarreglurnar um skipan í listlaunaflokka og störf nefndarinnar, svo og reglur um ráðgjafaraðild aðildarfélaganna Bandalags ísl. listamanna, eru teknar svo að segja óbreyttar upp úr lögum um listamannalaun frá 29. apríl 1967. Má telja rétt eftir atvikum, að þessar reglur gildi nokkur ár enn a. m. k., þar sem þær hafa gilt skamma stund og því ekki komin á þær næg reynsla, þó að ýmislegt í þeim geti raunar orkað tvímælis.

Þar sem óðum líður að þinglokum, er ekki ætlað til, að þetta frumvarp nái afgreiðslu á þessu þingi, heldur er það lagt fram nú, til þess að það geti verið til umræðu og athugunar, þangað til þing kemur saman næsta haust.